

Samantekt Gþ

Kostir og gallar við:

- Tvær hæðir – suður
- Tvær hæðir – suður og í L (þetta form fór óvart með til starfsfólk svo þetta fær að fylgja með)
- Ein hæð – suður í L
- Ein hæð – suður í T
- Ein hæð – norður og suður

Fjöldi starfsfólks sem tók þátt var tíu og tölur í sviga sýna fjölda þeirra sem nefndu sama atriði.

Í lokin er dálkur sem heitir „flæði“. Þar eru ýmsir punktar frá starfsfólki sem gott er að fara yfir, þó er hluti þeirra nú þegar inni í húsrýmisáætlun.


Unnið 2. mars 2026.

Tvær hæðir - suður	
Kostir	Gallar
Útsýnið (5) Bygging tekur minna pláss af lóð – (4) Skólalóð heldur sinni stærð (4) Snjóboltasvæðið verður áfram á sínum stað (norðan við skólann) Falleg bygging Nútímalegra. Tekur minni tíma að labba upp einn stiga heldur en langan gang til þess að komast einhvert. Möguleikar á að nýta þæpin í kennslu, meira veggjapláss til að „skreyta“ með verkefnum nemenda. (2) Stigar geta boðið upp á margt skemmtilegt (2) Möguleiki á matsal/samkomurými á neðri hæð. (2) Þétt skipulag, styttri gönguleiðir milli svæða. Möguleikar á meira næði ef hljóðeinangrun tekst vel á milli hæða. Getur skapast meira næði. Gæti verið gaman að vera með unglingastigið á efri hæð Yngri nemendur neðst, eldri ofar. Sveigjanlegri rými sem henta stærri hópum Meiri möguleikar á að hafa hátt til lofts í t.d. sal. Gæti orðið opið og bjart svæði. Stigi upp sem hægt væri að nota sem stúku. Þá væri minna bras með stóla.	Þörf á stiga og lyftu fyrir hjólastór, plássfrekt og kostnaður, aðallega lyftan. (7) Fellur illa inn í umhverfið, of hátt, skuggavarp, t.d. á íbúðarhús vestan við Langanesveg (5) Stigar/tröppur geta verið varasamar. (2) Eldvarnir og flóttáætlun getur verið flókið. (2) Eftirlit getur orðið erfiðara milli hæða. (2) Erfitt að tengja við eldri byggingu svo vel fari Meiri líkur á skugga á leiksvæði Gæti skipt skólanum meira, minni samskipti á milli hæða. Gæti verið hávaði af efri hæð, tramp á gólfi og þess háttar Of mikið bras að hlaupa upp og niður stiga til að sækja e-ð í prentara eða leita upp fólk sem er í öðru teymi. Nema allt vinnurými kennara væri á sömu hæð og teymin ekki sér. Kannski of lítill skóli til að vera á tveimur hæðum? Dýrara að byggja




Tvær hæðir – L laga byggin – ath fór óvart með, hefur ekki komið til greina en ágætir punktar	
Kostir	Gallar
Meira pláss fyrir alla starfsemi skólans. Möguleiki á matsal/samkomurými á neðri hæð. Hagkvæm nýting á skólalóð. Þétt skipulag, styttri gönguleiðir milli svæða. Útsýni. Skjól í U-inu Gæti verið gaman að vera með unglingastigið á efri hæð Skemmtilegt útsýni Fleiri útveggir sem skapa meiri birtu Gott útýni af efri hæð. Meiri aðgreining Útsýni, meiri aðgreining milli námsstigs/aldurs. Minna pláss tekið af leiksvæði/framtíðarbyggingarplássi Skapar skjólgóðan suðurgarð, minni skuggun, L-form dregur úr beinum hljóðburði. Meiri möguleikar á að hafa hátt til lofts í t.d. sal. Gæti orðið opið og bjart svæði. Stigi upp sem hægt væri að nota sem stúku. Þá væri minna bras með stóla. Gott skjól. Meira pláss og hægt að aðskilja betur t.d. skólastofur á efri hæð og almenn rými eins og bókasafn og sal á neðri. Hægt að gera eitthvað skemmtilegt með stigann.	Passar ekki í umhverfið (3) Erfitt að tengja við eldri byggingu svo vel fari. Yrði leiðinlega stórt á lóðinni Ekki heppilegt U-svæði Gæti skapast “blindhorn” Gæti orðið snjósöfnun í U-inu sem þá myndast. Verra aðgengi að forstofu/inngangi ef hún verður á svipuðum stað og hún er í dag Yrði sennilega dýrasta byggingin Erfiðara að fylgjast með nemendum á skólalóð eftir því sem verða fleiri ranghalar og horn. Erfiðara að rýma Eftirlit erfiðara á milli hæða. (2) Lyfta er dýr framkvæmd, pláss fer í stiga. Meiri aðskilnaður starfsfólks. (2) Meiri tæknikröfur og viðhald Stigar auka slysaætu, þarf góða hljóðeinangrun milli hæða Of mikið bras að hlaupa upp og niður stiga til að sækja e-ð í prentara eða leita upp fólk sem er í öðru teymi. Nema allt vinnurými kennara væri á sömu hæð og teymin ekki sér. Gæti safnast mikill snjór. Breytt aðkoma að skólanum ?


Ein hæð – suður L laga bygging	
Kostir	Gallar
Gott aðgengi fyrir alla, engin lyftuframkvæmd, ekkert pláss fer í stiga (5) Gæti skapað skjól á skólalóðinni (5) Hægt að nýta svæði milli bygginga til útináms. Auðvelt að hafa yfirsýn yfir útisvæði, gangasvæði, stuttar leiðir milli rýma Gæti orðið skemmtilegt leiksvæði í U-inu sem myndast Skemmtilegt kennsluhúsnæði sem gæti boðið upp á marga möguleika. Væri hægt að labba út á leiksvæðið á fleiri stöðum. Góð dagsbirta, einfalt fyrir fatlaða, yngri börn og starfsfólk. Miðsvæði, sem er mjög mikilvægt fyrir t.d. bokasafn, salur eða annað. Hægt að hafa rýmin opin og björt Meiri möguleikar á að pláss sé fyrir bókasafn í opnu rými Fullkomin dagsbirta og suðurgarður Skýrt skipulag Meira pláss fyrir sal	þarf meira byggingarsvæði, minnkar lóð og leiksvæði (6) Mikið labb á milli rýma, langir gangar. (3) Minna svæði til framtíðarbygginga/breytinga. Lokar fyrir núverandi bílastæði. Meiri snjósöfnun við innganginn. Verra aðgengi að forstofu/inngangi ef hún verður á svipuðum stað og hún er í dag Gæti skapast “blindhorn” Erfiðara að fylgjast með nemendum á skólalóð eftir því sem verða fleiri ranghalar og horn. (2) Stærri lóð meira svæði. Einangrun þarf að halda hita inni á köldum dögum og halda inniloftinu svalt þegar sólin skín. Þetta virkaði ekki í gamla skólanum. Langir gangar verða gjarnar hlaupabrautir Meiri skuggamyndun?



Ein hæð – T laga bygging	
Kostir	Gallar
Sennilega fallegasta byggingin Margir skemmtilegir möguleikar Miðjan sem samverurými - salur, almenningsbókasafn og hugsanlega líka tónlistarskóli við það svæði. (4) þétt uppsetning. Gott aðgengi, stigalaust. Skilvirkt flæði nemenda milli rýma, sem auðveldar skipulag og umsjón. Gæti orðið opin og björt bygging Stytttri vegalengdir innandyrá og minni möguleikar á löngum göngum Ekki eins langir gangar Meira skjól á skólalóð Margir möguleikar á uppsetningu rýma Nálægð rýma. Gott aðgengi. Skjól báðum megin við, hægt að vera með útielldhús í skjóli öðru hvoru megin	Tekur líklega mesta plássið (4) lítið pláss eftir til framtíðar. Getur valdið að kennslustofur séu dimmari snemma dags, lítill morgunsól. Of nálægt götu. (2) Myndar ekki eins skjólgóðan suðurgarð og L-laga suðurbygging. Lengri leiðir vegna T laga. Þarna eru komin fleiri skot sem erfitt er að fylgjast með og geta fyllst af snjó Margir staðir fyrir mikla snjósöfnun. Leiðinda skot vestan við húsið sem nýtist ekki. Inngangurinn á slökum stað ef hann verður ekki færður. Held að þessi bygging yrði ekki falleg að sjá. Gæti skapað “blindhorn”



Ein hæð – suður og norður	
Kostir	Gallar
Fataklefi og inngangur miðsvæðis (3) Inngangur gæti haldist óbreyttur. Leiksvæði og núverandi skólalóð getur haldist að hluta óbreytt. Meira skjól á sparkvelli. Holið áfram „hjarta“ skólans. Hægt að hafa vinnurými kennara og kaffistofu miðsvæðis líka. Miðjukjarna er hægt að nýta sem samvinnurými, fjölnota svæði, opið námssvæði. Hægt að skipta stigum upp. Allir á einni hæð (minni aðgreining) (2) Sennilega ódýrasta byggingin Hámarkar birta þar sem hún skiptir máli, góð tenging við útileiksvæði. Í norðurálama verður minni ofhitnun, hentar vel undir kennararými eða skrifstofu. Hægt að hafa “sér” inngang fyrir almennings bókasafn (loka það af á meðan skólinn er lokaður) „Þjappar“ skólanum meira saman, styttr fjarlægðir á milli. Nýtir vel rými norðan við skólann sem annars er lítið notað. Meira pláss fyrir leiksvæði á núverandi stað. Alltaf einhversstaðar skjól við húsnæðið Hægt að dreifa nemendum meira og þá er kannski minni hávaði,	Tvær byggingar- framkvæmdar tími lengri og flóknari. Mikið tekið af skólalóð. Tekur mikið pláss Tekur meira byggingarsvæði. Langar gönguleiðir. (6) Orðið frekar hólfaskipt Snjóboltasvæði farið Það getur orðið heitt í suðurálmum þegar sólin skín, getur verið orðin löng bygging. Tvær minni byggingar og þá kannski erfiðara að hafa rýmin opin? Hætta á að langir gangar myndist með stofum sitt hvorum megin við hann. Dýrara að byggja Hræðilega ljótt. Ath – á mynd sem fylgir með nær bygging of langt til vesturs, mætti ekki fara fyrir glugga í smíðastofu, myndi vilja hafa alveg við gamla skóla, ekki bil á milli, fram að hurð í litla rýmið sem gengið er inn í að utan. Skotið í gamla skóla stækkað inn í nýja byggingu og tengir þær saman. Bygging yrði meira ferningur, ekki svona löng og mjó bygging.



Flæði

Hljóðdempandi parket ef tvær hæðir.
Klósett á báðum hæðum.

Eina kennarastofu, sameinar alla þannig að allir hittast reglulega.

Um að gera að nýta svæðið bakvið sparkvöllinn, hann er ekki notaður núna eins og er og það myndi líka loka á götuna þegar krakkarnir eru úti.

Hafa leiksvæðið á sama stað.

Frístund :

Sér eldhúsaðstöðu (allavega ískáp eða eitthvað svona sér sem frístund á)

Nóg pláss, jafnvel rými sem hefur kost á að skipta upp. Þarf að vera góð hljóðvist.

Frístund í sér rými.

Klósett nálægt frístund svo karkkarnir þurfa ekki að fara langt.

Hafa mataraðstöðu í eða mjög nálægt.

Ég sé fyrir mér að matsalur og bókasafn séu innan skólans.

Ég vil ekki að húsnæðið nái alveg niður að götu.

Ég sé fyrir mér fleiri innganga og góðan starfsmanna inngang.

Ég vil að vinnurými kennara sé vel skipulagt.

Ég sé fyrir mér að það verði einhver fjölnotarými.

Geymslupláss, mögulega geymsla í kjallara.

Vinnuherbergi fyrir hvert teymi.

Sameiginlegt svæði í miðju húsnæðis, anddyri, bókasafn, salur, mötuneyti.

Huga að því hvar börn í frístund matast, ef ekki er matsalur væri möguleiki á að nýta kennslueldhús því þar þarf að gera ráð fyrir að nemendur setjist og borði.

Hvert teymi með sitt vinnusvæði.

Raungreinastofa með öllu tilheyrandi

Almennilegt starfsmannarými þar sem hægt væri að “elda” sér hádegismat.

Stórt og gott rými fyrir frístund

Starfsmannasalarni

Svæði fyrir nemendur á unglingastigi í frímínútum

Næðisrými

Ég vil hafa starfsmannainngang sem syðst

Ég vil ekki að húsnæðið nái alveg niður á götu

Ég vil hafa 3 vinnurými, eitt fyrir hvert teymi

Ég vil ekki hafa kaffistofu og vinnurými nálægt hvert öðru og alls ekki í sama rými

Ég vil hafa fjölnota sal sem myndi vera matsalur fyrir mötuneyti (móttökueldhús), notaður fyrir samkomur skólans, samveru nemenda o.s.frv. Með svipuðu fyrirkomulagi og er t.d. á leikskólanum, með fellihurðum sem væri hægt að opna og loka til að fá stærri/minni rými.

Ég myndi vilja að það yrði kennsluaðstaða á bókasafninu, væri hægt að fara með nemendur þangað í ákveðnum verkefnum og vinna þar í stað þess að þurfa alltaf að rápa fram og til baka með efnið.

Myndi vilja að bókasafnið yrði opið svæði þar sem bækur væru alltaf aðgengilegar nemendum

þarf gott rými fyrir almenningubókasafn og sér inngang. Aðstaða fyrir tónlistarskóla. Næg salerni þurfa að vera. Mötuneytisaðstaða æskileg.

Ég hef fjarlægst hugmyndina um að hafa skólann á tveimur hæðum. Held að það séu meiri líkur á að teymin einangrist, nema þau séu öll á sömu hæð. En þá gætu þau verið langt frá sínum kennslustofum

Ég væri til í að hafa “næðisrými” í opnu rýmunum, þ.e. bekkir og/eða borð í skotum þar sem hægt væri að setjast niður og spjalla, spila, lesa o.s.frv. kannski í bókasafnsrými?

Væri geggjað ef hægt væri að ganga beint út úr heimilisfræði og raungreinastofu

Hafa sér starfsmannainngang og kaffistofu þar. Vinnurými kennara lengra í burtu

Starfsmannaklósett nálægt kaffistofu en þó ekki inni á henni. Væri líka frábært að hafa wc nálægt vinnurými ef það er hægt.

Mötuneyti eða allavega matsalur innan skólabyggingarinnar

Mikið af skotum og margir felustaðir á skólalóð.

Hætta á mikilli snjósöfnun á milli skóla og íþróttahúss.

Líka meira skjól í góðu veðri.

Tel mikið atriði að skólinn verði sjálfstæð eining og þar verði matsalur, meiri möguleikar, t.d. morgunmat og nemendur í frístund fá hressingu eftir skóla, þarf að vera aðstaða fyrir það.

Suðurálman er í dag of mjó fyrir gang og stofur báðu megin, hún er fín í stofur austan megin og opið bókasafn vestan megin, alveg opið rými. Hægt að nýta bókasafn sem kennslurými/stofu fyrir skiptitíma.